

LÖG

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (öryggisráðstafanir).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

62. gr. laganna orðast svo:

Verði maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr. eða niðurstaða dóms verður sú samkvæmt ákvæðum 16. gr. að refsing sé árangurslaus má ákveða í dómi að gerðar skuli öryggisráðstafanir til að varna því að hætta verði af manningum. Þess skal gætt að öryggisráðstafanir vari aldrei lengur en þörf krefur.

Til öryggisráðstafana teljast öryggisgæsla og vægari öryggisráðstafanir, sbr. lög um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn.

Öryggisgæslu skal aðeins beitt ef vægari öryggisráðstafanir teljast ekki fullnægjandi og að jafnaði aðeins í þeim tilvikum þegar ætla má að lífi, heilsu eða frelsi annarra sé hætta búin og að slík ráðstöfun teljist nauðsynleg til að fyrirbyggja þá hættu. Í dómi skal tekin ákvörðun um hvort og þá hvaða öryggisráðstöfunum skuli beitt, þar á meðal hvort öryggisgæsla fari fram á viðeigandi heilbrigðisstofnun eða öðrum öryggisgæslustað, sbr. lög um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn.

Við mat á því hvort og hvaða öryggisráðstafanir séu nauðsynlegar, hvort þær skuli framlengdar, endurskoðaðar eða felldar niður, skal líta til hættu á því að maður fremji afbrot að nýju. Við mat á hættu skal m.a. líta til sakaferils manns og eðlis afbrota sem hann hefur framið, háttarnis hans og ástands að öðru leyti. Nýlegt og óháð sérfræðimat skal liggja fyrir um framangreind atriði, ásamt mati á því hvort og hvaða öryggisráðstöfun sé nauðsynleg. Heimilt er að beita fleiri en einni vægari öryggisráðstöfun í einu.

Sé manni gert að sæta öryggisgæslu skipar dómari honum tilsjónarmann sem gætir þess að öryggisgæsla sé ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til. Sé manni gert að sæta vægari öryggisráðstöfunum skal dómari skipa honum tilsjónarmann sé talin þörf á því vegna stöðu hans.

Öryggisráðstafanir skulu ekki ákveðnar til lengri tíma en fimm ára en ríkissaksóknara er þó heimilt að leita úrskurðar dómara um að öryggisráðstafanir séu framlengdar í allt að fimm ár í senn.

Að kröfu ríkissaksóknara, þess sem sætir öryggisráðstöfunum eða tilsjónarmanns hans úrskurðar dómari hvort endurskoða skuli öryggisráðstafanir eða fella niður. Sá sem sætir

öryggisráðstöfunum eða tilsjónarmaður hans geta ekki krafist úrskurðar fyrr en að liðnu einu ári frá dómsuppsögu eða síðasta dómsúrskurði.

Úrskurðir dómara skv. 6. og 7. mgr. sæta kæru til Landsréttar. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, verða ekki kærðir til Hæstaréttar. Málskostnaður vegna mála skv. 6. og 7. mgr. greiðist úr ríkissjóði en að öðru leyti fer um meðferð þeirra eftir lögum um meðferð sakamála eftir því sem við á.

2. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Hafi orðið svo ástatt um mann til langframa sem í 15. eða 16. gr. segir, eftir að hann hefur framið refsiverðan verknað en áður en endanlegur dómur gengur í máli hans, má ákveða í dómi hvort refsing skuli dæmd eða hún falli niður. Séu skilyrði skv. 62. gr. fyrir hendi má ákveða að ráðstöfunum samkvæmt þeirri grein skuli beitt í stað refsingar eða þangað til unnt þykir að fullnusta refsinguna.

Ákvæði 62. gr. gilda um mál skv. 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Verði maður dæmdur til refsingar en fluttur í öryggisgæslu á grundvelli dóms skv. 1. mgr. skal vistun þar koma til frádráttar refsingu.

3. gr.

65. og 66. gr. laganna falla brott.

4. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Ef taldar eru líkur á að fangelsisrefsing um tiltekinn tíma nægi ekki til þess að vernda líf, heilsu eða frelsi annarra, má kveða á um í dómi þegar refsing er ákveðin að fyrir lok afplánunar megi úrskurða um að maður sæti öryggisráðstöfunum skv. 62. gr. eða vistist áfram í fangelsi enda verði vistun þar ekki talin andstæð hagsmunum hans. Þó má úrskurða mann til að sæta öryggisráðstöfun án þess að hennar hafi verið getið í refsisdómi ef hún byggist á andlegri vanheilsu hans í skilningi e-liðar 1. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eða á öðrum ástæðum sem þar greinir. Þess skal gætt að áframhaldandi vistun í fangelsi eða öryggisráðstafanir vari aldrei lengur en þörf krefur.

Dómari úrskurðar um hvort maður sæti áframhaldandi vistun í fangelsi eða öryggisráðstöfunum, og þá hvaða öryggisráðstöfunum, í sérstöku máli sem borið er undir dómara að tilhlutan ríkissaksóknara að jafnaði eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok afplánunar. Fallist dómari á kröfu ríkissaksóknara um áframhaldandi vistun í fangelsi eða að maður sæti öryggisgæslu skipar dómari honum tilsjónarmann sem gætir þess að vistun í fangelsi eða öryggisgæslu sé ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til. Sé manni gert að sæta vægari öryggisráðstöfunum skal dómari skipa honum tilsjónarmann sé talin þörf á því vegna stöðu hans.

Áframhaldandi vistun í fangelsi eða öryggisráðstafanir skal ekki ákveða lengur en í fimm ár en ríkissaksóknara er þó heimilt að leita úrskurðar dómara um framlengingu vistunar í fangelsi eða öryggisráðstafana í allt að fimm ár í senn.

Að kröfu ríkissaksóknara, þess sem sætir áframhaldandi vistun í fangelsi eða öryggisráðstöfunum eða tilsjónarmanns hans úrskurðar dómari hvort endurskoða skuli áframhaldandi vistun í fangelsi eða öryggisráðstafanir eða fella niður. Sá sem sætir áframhaldandi vistun í fangelsi eða öryggisráðstöfunum og tilsjónarmaður hans geta ekki krafist úrskurðar fyrr en að liðnu einu ári frá dómsuppsögu eða síðasta dómsúrskurði.

Einungis má úrskurða um áframhaldandi vistun í fangelsi eða öryggisráðstafanir ef maður hefur verið dæmdur fyrir manndráp, brennu, stórfellda líkamsárás eða annað gróft ofbeldis- eða kynferðisbrot, eða brot sem ógnar alvarlega lífi, heilsu eða frelsi annars manns eða ef um tilraun til slíks brots er að ræða. Við mat á grófleika brots skal líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af, jafnframt ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt og til umfangs brotsins.

Við mat á því hvort maður verði úrskurðaður í áframhaldandi vistun í fangelsi eða til að sæta öryggisráðstöfunum, eða öryggisráðstafanir endurskoðaðar eða felldar niður, skal líta til hættu á því að maður fremji afbrot að nýju. Við mat á hættu skal m.a. líta til sakaferils manns og eðlis afbrota sem hann hefur framið, hátternis hans og ástands að öðru leyti. Áður en úrskurður um áframhaldandi vistun í fangelsi eða öryggisráðstöfun er kveðinn upp skal liggja fyrir nýlegt og óháð sérfræðimat um framangreind atriði ásamt því að lagt sé mat á hvort og þá hvaða öryggisráðstöfun eða áframhaldandi vistun í fangelsi sé nauðsynleg.

Úrskurðir dómara samkvæmt þessari grein sæta kæru til Landsréttar. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, verða ekki kærðir til Hæstaréttar. Málskostnaður vegna mála skv. 2. og 4. mgr. greiðist úr ríkissjóði en að öðru leyti fer um meðferð þeirra eftir lögum um meðferð sakamála eftir því sem við á.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „62.–67. gr.“ í 6. mgr. 82. gr. laganna kemur: 62., 63., 64. og 67. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 83. gr. laganna:

- a. Orðin „eða dæmd er hælisvist samkvæmt 65. gr.“ í 1. tölul. falla brott.
- b. Tilvísunin „66.“ í 2. tölul. fellur brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2027.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 2026.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.